

Stutt kennsluáætlun í 7.bekk

Íslenska í 7.bekk. – 5 kennslustundir á viku

Markmiðum í íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman. Til dæmis eru mikil tengsl á milli náms í lestri og ritun. Bókmennta- og lestrarmarkmið tengjast saman meðal annars til að vekja athygli á mikilvægi þess að nemendur verði læsir á eigin menningu og annarra.

Fyrstu fjórar vikurnar er lögð áhersla á upprifjun fyrir samræmt próf sem verður í lok september. Í bókmenntum lesa nemendur Völustein og kynnast ýmsum bókmenntahugtökum einnig ætlum við að vinna með íslenskar þjóðsögur og sagnir. Nemendur lesa kjörbækur og er tilgangurinn m.a. sá að hvetja nemendur til lesturs og líta á lestur sem góða og ánægjulega afþreyingu. Nemendur eru þjálfaðir í að beita málfræðipækkingu sinni í töluðu og rituðu máli, beita stafsetningarreglum og tileinka sér hugtök í málfræði, bókmenntum og ljóðum. Einnig er lögð áhersla á að nemendur séu þjálfaðir í að koma fram fyrir áhorfendur og flytja mismunandi texta bæði eigin og annarra. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér snyrtilegan frágang og vandvirkni í vinnubrögðum um leið og þeir eru þjálfaðir í að nota bókasafn, bækur, handbækur, Netið og tölvutæknina til að afla sér upplýsinga. Höfuðáhersla er lögð á heildstæða íslenskukennslu þar sem hún samþættist á eðlilegan hátt við allar greinar í skólanum.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heildstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styrkir við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluháttum er m.a. átt við innlagnir, umræður, þemavinnu, söguramma, hópstarf, einstaklingsvinnu, verkefnavinnu og fleira. Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að taka mið af

Þeim hæfiviðmiðum sem stefnt er að og einnig þeirri skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Skólanámskránni í íslensku er skipt í fjóra námsþætti sem eru; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Nemendum er gerð grein fyrir í upphafi hverrar annar hver markmiðin eru og hvernig skal meta þau. Ýmist er um hefðbundin próf að ræða eða fjölbreytt verkefnaskil, verkefnabækur, símat, munnleg próf, jafningjamat, sjálfsmat o.fl. Samræmd próf eru lögð fyrir í september. Leshraðapróf eru þrisvar yfir árið einnig er Orðarún – lesskilningsverkefni lagt fyrir tvisvar yfir veturinn. Lestrarviðmið: Í 7. bekk ætti nemandi að geta lesið 300-350 atkvæði á mínútu.

Stærðfræði í 7.bekk. – 5 kennslustundir á viku

Í stærðfræðináminu er mikilvægt að viðhafa fjölbreyttar kennsluaðferðir. Áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og að þeim séu skapaðar aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms. Þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í námi sínu t.d. með rannsóknnum sem tengjast þeirra eigin daglega lífi og umhverfi. Þannig verða viðfangsefnin verðug og áhugaverð fyrir nemendur og þeir geta átt samskipti um stærðfræði. Með þessu fá nemendur tækifæri til þess að nota þá þekkingu sem þeir búa yfir og þróa með sér dýpri skilning á stærðfræðinni. Nemendur vinna ýmist einir eða saman og taka tillit hver til annars. Áhersla er lögð á nákvæmni þannig að hver og einn geti gert grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefna og þrauta, skráð lausnarferlið á skipulegan hátt og fært munnlega rök fyrir máli sínu. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til þess að vinna að verkefnum sem hæfa hans getu og að þeim hæfiviðmiðum sem henta honum enda þó að námsþættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni.

Á miðstigi er auk þess lögð áhersla á að nemendur efli með sér hugarreikning og þjálfist í reikniðaðgerðum og læri margföldunartöflurnar utanbókar. Einnig er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til þess að nýta sér tölvutækni til þess að leysa verkefni og efla þar með skilning sinn á stærðfræðinni.

Samfélagsfræði í 7.bekk. – Í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á með nemendum út frá því sem talið er mikilvægast fyrir þá að tekið verði fyrir.

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt og markast skiptingin af því hvert viðfangsefni markmiðanna er en viðfangsefnin eru reynsluheimur nemenda, hugarheimur og félagsheimur. Megnið af hæfniviðmiðunum í hugarheiminum og félagsheiminum eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári í 5. – 7. bekk og einnig hluta af reynsluheiminum. Því er tekist á við mörg hæfniviðmið á hverju ári en þar sem vinna í samfélagsgreinum snýst að miklu leyti um að vinna með viðhorf nemenda þá er mikilvægt að vinna oft með sama hlutinn, fremur en ræða hann einu sinni eða tvisvar og telja hann síðan afgreiddan.

Náttúrufræði í 7.bekk. -

Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þemavinna fellur vel að kennslu í náttúrufræði í 7. bekk sem og samþætting við samfélagsfræði og íslensku. Kennsla getur einnig verið í formi umræðna, innlagna og tilrauna. Hópvinnu er stærsti þátturinn, en einnig einstaklingsverkefni. Auk aðalnámsefnis er leitað upplýsinga á Netinu, myndbönd notuð, kort og uppflattirit. Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í að fylgja fyrirmælum (sérstaklega í verklegum æfingum), nemendur þurfa að geta sett sér markmið t.d. með því að búa sér til áætlun og geta metið stöðu sína að

áætlun lokinni. Kennsluhættir náttúrufræði fela í sér hópvinnu þar sem kurteisi og jákvæðni í samskiptum, ásamt því að leggja sitt af mörkum, tjá sig skilmerkilega og hlusta á aðra er stór þáttur í að leysa verkefni. Nemendur þurfa að þjálfast í að sýna frumkvæði, færa rök fyrir máli sínu og vera skapandi við vinnu og lausn verkefna, en jafnframt gagnrýnin á eigin vinnu og þær upplýsingar sem nýttar eru. Við upplýsingaöflun þarf að nýta mismunandi miðla, geta unnið úr upplýsingunum á gagnrýninn hátt og miðlað til annarra. Nemendur þurfa að læra að nýta tímann sinn vel og gefast ekki upp þótt verkefnin séu krefjandi. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að nálgast öll verkefni með jákvæðu hugarfari.

Legó – Þemaverkefni

Árlegt þemaverkefni á vegum Háskóla Íslands, sem snýr að náttúrufræði, og samræmist markmiðum Aðalnámskrár. Verkefnið er breytilegt frá ári til árs en í formi leitarnáms. Nemendum er skipt í hópa (8-10 manns í hóp) og þurfa þeir að leita lausna ásamt því að temja sér hópvinnumbrögð.

Enska í 7. bekk – 3 kennslustundir á viku

Notast er við kennslubókina Action, lesbók og vinnubók sem grunnefni í enskukennslu 7. bekkjar. Líttlestrarbækur verða lesnar og verkefni unnin úr þeim. Lögð er áhersla á orðaforða sem tengist daglegu lífi nemenda, t.d. að nemendur geti kynnt sig og sagt frá áhugamálum sínum. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig munnlega.

Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluhætti til þess að ná til flestra nemenda, til að auka sjálfstraust nemenda, þeir geti tjáð sig á ensku og til að nemendur kynnist því að lesa á ensku sér til gagns og ánægju. Nemendur vinna ýmis munnleg og skrifleg verkefni, ásamt því að fá þjálfun í hlustun og lestri.

Nákvæmari útlistun á markmiðum, kennsluefni, yfirferð og námsmati er að finna í ítarlegri námsáætlun á mentor.is fyrir hverja önn.

Danska í 7. bekk. - 3 kennslustundir stundir á viku

Í dönsku er lögð áhersla á að nemendur lesi sem mest og vinni með þann texta sem þeir lesa. Hugmyndin er að með þessu móti upplifi nemandinn formgerð tungumálsins og auki og bæti orðaforða og færni í málnotkun. Einnig er lögð áhersla á að æfa og þjálfra framburð. Kennslan byggir á vinnu með alla færniþættina. Lögð er áhersla á að töluð sé danska í kennslustundum. Nemendur vinna með sama orðaforðann á fjölbreyttan hátt og ná þannig betri tökum á málinu. Lögð er áhersla á fjölbreyttar námsleiðir. Gefin er út nákvæm áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Smíði í 7. bekk – 6 kennslustundir á viku. Kennt er í um það bil 8 vikna lotum.

Lögð er áhersla á að nemendur kynnist helstu verkfærum smíðastofunnar, hömrum, sögum, sandpappír, reglustikum, tommustokkum, þjöllum, borum og borvélum.

Auk þess fá nemendur að nota flóknari verkfæri eins og stingsagir, hefla og stærri sagir.

Einnig læra nemendur mismunandi yfirborðsmeðhöndlun eins og að mála eða lakka hluti.

Nemendur kynnast mismunandi samsetningum eins og lími, vírum, nöglum, skrúfum og böndum.

Nemendur fá að kynnast og spreyta sig á glerverkefnum, þar sem þeir fá að útbúa glerhluti ýmist mósaík-glermuni eða tiffany's glermuni. Hver árgangur fær skylduverkefni sem allir klára og að því loknu fá nemendur að spreyta sig á öðru og láta þá ímyndunaraflið ráða. Leitast er við að fá nemendur til að taka sem mestan þátt í sköpunarferlinu sjálfir og þeir hvattir til að fara sínar eigin leiðir í sköpun og hönnun.

Unnið er eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þeim markmiðum sem sett eru upp þar og í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar.

Námsmat fer fram alla önnina í formi símats og verkefni metin þegar þau eru tilbúin.

Textíll 7.bekkur

Markmið

Hæfniviðmið í textílmennt eru í kafla 21.12 í aðalnámskrá grunnskóla.

Helstu atriði sem lagt er áherslu á í 7. bekk er að nemendur:

Beiti skapandi og gagnrýninni hugsun við hönnun og vinnu og sýni frumkvæði við val verkefna.

Beiti gunnaðferðum við vinnu sína og kunni að nota áhöld greinarinnar við formun textílafurða.

Geti rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði.

Nýti miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist greininni.

Geti metið eigin verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem námsgreinin býr yfir.

Sýni góða umgengni og frágang á vinnusvæði.

Textílmennt er valáfangi í 7. bekk. Viðfangsefni, námsþættir og kennslugögn fara eftir þeim áföngum sem eru í boði hverju sinni. Smiðjurnar eru lagðar upp með nemendur hafi val um verkefni og að fjölbreytni þeirra sé töluverð, misjafnar áherslur eru í smiðjunum milli ára og má þar nefna áhersluatriði eins og endurnýtingu, þæfingu, útsaum og fleira.

Leiðir

Unnið er með fjölbreyttar kennsluaðferðir hverju sinni, munnlegar innlagnir, sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður, fyrirlestrar og fleira.

Námsþættir

Unnið er með ýmsa þætti textílmenntar og er það misjafnt eftir þeim smiðjum sem í gangi eru hverju sinni. Lögð er áhersla á sköpun, frumkvæði og verklag nemenda við vinnu sína. Nemendur kynnast nýjum og gömlum aðferðum textílvinnu auk þess sem farið er í efnisfræði og unnið með munstur og munsturgerð.

Kennslugögn

Þau gögn sem tilheyra textílmennt eins og skæri, nálar, heklunálar, prjónar og fleiri áhöld. Saumavélar, snið, sníðablöð og þau gögn sem tilheyra fatasaumi. Bækur og blöð.

Námsmat

Lykilhæfni grunnskóla er hluti af námsmati í textílmennt þar sem metnir eru þættir eins og sjálfstæði, iðni, ábyrgð, sköpun og fleiri þættir. Símat er notað við lykilhæfnina. Námsgreinin er metin sérstaklega. Nemendur gera sjálfsmat.

Leiklist I

7. bekkur í smiðjum vinnur á 8 vikum grunnatriði leikhússins. Við skoðum leiksviðið og leikaravinnuna. Lærum spuna og persónusköpun. Markmið eru lokamarkmið 7. bekkjar í leiklist samkvæmt aðalnámsskrá.

En þau eru:

Geti nýtt sér hugmyndir jafningjaog og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúnign og sköpun leikþátta

Geti nýtt sér efni út ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.

Geti nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína

Geti flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur

Geti skapað skýra leikpersónu viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu

Geti sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun túlkun og greiningu

Geti beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum)

Geti sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem eru unnin baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði

Geti rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónahorni og sett að einhverju leiti í samhengi við eigið líf og samfélag

Geti spunnið leikþætti út frá stikkorðum

Geti samþykkt spuna annarra og gert úr þeim jákvæð samskipti.

Læri að allir hafi sam rétt og að jafnrétti er eðlilegur hlutur.

Geti beitt hlustun og einbeitingu.

Eftir 8 vikur á nemandi að geta rætt um og beitt ofangreindum markmiðum.

Námsmat er símat sem á sér stað yfir tímabilið og er hluti af lykilhæfnipáttum sem eiga við leiklistina.

Eftir 8 vikur á nemandi að geta rætt um og nýtt sér ofangreind markmið.
Námsmat er símat sem á sér stað yfir tímabilið og er hluti af lykilhæfnipáttum sem eiga við leiklistina.

Fab Lab - unglingastig

Áfangalýsing: Kenndur verður áfangi sem þjálfar nemendur í ýmsum þáttum sem lúta að kunnáttu sem krafist er á 21.öldinni.

Markmið:

- ☉ Tölvustudd hönnun og framleiðsla, frá hugmynd til afurðar.
- ☉ Miðlun á verkefnum og hugmyndum
- ☉ Tölvukennsla og kennsla á hugbúnað.
- ☉ Notkun á tækjum sem tölvurnar stýra.
- ☉ Tengja við þekkingu sem fyrir er og auka þekkingu á framleiðsluferli, stærðfræði og tengdri þekkingu.

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- ☉ beitt helstu áhöldum og tækjum sem notuð eru í Fab Lab
- ☉ lesið og unnið eftir leiðbeiningum,

- ☉ þróað hugmyndir sjálfstætt og undir leiðsögn
- ☉ skilið og nýtt sér vinnuferli frá hugmynd til afurðar.
- ☉ metið og rökstutt vinnu sína á öllum stigum vinnuferilsins
- ☉ unnið sjálfstætt eftir verkaætlun sem hann gerir sjálfur, lagt mat á útfærslu og frágang eigin verka.
- ☉ hannað og teiknað og framleitt eigin afurðir

Námsmat: Byggist á verkefnavinnu og hæfniviðmiðum.

Tímar: 3 * í viku 80 mínútur í senn.

Tímar eru verklegir. Tímar eiga sér stað á 3.hæð vöruhússins. Nemendur munu geta unnið í verkefnum á opnunartíma Fab Labsins þar utan kennslustunda en þurfa að bóka tíma. Fablab smiðja Sunna Guðmundsdóttir

Kennsluefni:Notað verður kennsluefni útbúið af NMÍ, fyrst og fremst nýtt efni en eitthvað verður notað úr erlendum kennslubókum og af netinu

Menntun:

- ☉ Þjálfun í Fab Lab er byggð á því að vinna verkefni og læra af jafningjum; ætlast er til þess að þú takir þátt í skráningu og kennslu.

Nemandi er hvattur til þess að meta eigin vinnu.

Ábyrgð:

Þú berð ábyrgð á:

- ☉ **Öryggi:** Að vita hvernig á að vinna án þess að skaða fólk og vélar
- ☉ **Tiltekt:** Að skilja vinnustofuna eftir hreinni en þú komst að henni
- ☉ Að aðstoða við viðhald, viðgerðir og tilkynningar um verkfærin og hráefnin

Skólaíþróttir -3 kennslustundir á viku

Íþróttta- og sundkennsla leggur áherslu á að nemendur fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttum íþróttum og leikjum. Lagt er upp með að hreyfingin sé sem fjölbreyttust svo nemendur efli alhliða hreyfiþroska sinn í gegnum leik og æfingar sem stuðla markvisst að velferð og vellíðan þeirra. Einnig er lögð áhersla á að efla heilbrigði nemenda ásamt því að efla heilsuvitund þeirra. Helstu þættir heilbrigðis sem áhersla er lögð á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra

Þessi áætlun eru unnin upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.